

## Atvinnumálahópur

Fundur var haldinn í Atvinnumálahópi hjá Reykjavíkurborg fimmtudaginn 18. janúar 2010 í Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnarbúð, og hófst fundurinn kl. 10:00

Mætt voru: Oddný Sturludóttir, Markús H. Guðmundsson, Sóley Tómasdóttir, Sigurður Snævarr og Guðfinnur Þór Newman.

### Þetta gerðist:

#### 1. Samantekt sviðstjóra og skrifstofustjóra á fjölda starfa sem viðkomandi svið hyggst sækja um úr potti.

Gögn frá starfsmannastjóra lögð fram. Ákveðið að kalla eftir ítarlegri upplýsingum um málið.

#### 2. Tillögur Atvinnumálahóps til borgarráðs um úthlutun fjármagns.

Rætt um með hvaða hætti skuli úthlutað til átaksverkefna í atvinnumálum.

Tillaga að Oddný Sturludóttir, Sóley Tómasdóttir og Sigurður Snævarr setji saman úthlutunarreglur fyrir Avinnumálahóp.

Rætt um atvinnumál fatlaðra.

Tillaga að Sóley Tómasdóttir og Anna Kristinsdóttir mannréttindastjóri og fulltrúi Vinnumálastofnunar myndi starfshóp sem búi til viðmið til úthlutunar fyrir mannréttindastjóra.

Rætt um nauðsyn þess að ráða verkefnisstjóra í atvinnumálum.

Þörf á að bæta við fjármagni til sumarstarfa auk átaksverkefna ungs fólks.

(Rætt um viðbót vegna 96 milljóna pottsins.)

Virkniverkefni fyrir ungt fólk: Vítamín, Breiðholtsverkefnið.

Sértæk starfsþjálfun og reynsluráðning

Sértæk atvinnuátaksverkefni og starfsþjálfun.

#### 3. Erindi frá Skógræktarfélagi Íslands

Atvinnumálahópur er að útbúa reglur um forgangs röðun á úthlutun fjármagns til atvinnumála sem leggja þarf fyrir borgarráð. Í kjölfarið verður óskað eftir umsóknum. Atvinnumálahópur tekur ekki afstöðu til einstakra verkefna.

Fundi slitið kl. 11:45.